

Vinnureglur vegna greiðsluþátttöku í CBCT-myndum.

Útgáfa dags: 29.4.2025

Vinnureglur þessar eru settar með stoð í 5. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 766/2024 um þátttöku sjúkratrygginga í kostnaði við tannlækningar og tannréttingar og gildandi aðgerðarskrá TFÍ.

Viðmiðin eru unnin í samvinnu TFÍ og SÍ og að hluta úr samevrópskum klínískum viðmiðum, sjá: European Commission, Directorate-General for Energy, Cone beam CT for dental and maxillofacial radiology – Evidence-based guidelines, Publications Office, 2012, <https://data.europa.eu/doi/10.2768/21874>. Einnig: Special Committee to Revise the Joint AAE/AAOMR Position Statement on use of CBCT in Endodontics. AAE and AAOMR Joint Position Statement: Use of Cone Beam Computed Tomography in Endodontics 2015 Update. Oral Surg Oral Med Oral Pathol Oral Radiol. 2015 Oct;120(4):508-12. doi: 10.1016/j.oooo.2015.07.033. Epub 2015 Aug 3. PMID: 26346911.

Sjúkratryggingar taka þátt í að greiða fyrir CBCT-mynd skv. gjaldlið 019 hjá öllum tannlæknum að undangenginni umsókn. Við mat umsóknar er horft til þess hvort að notkun myndgreiningarinnar sé í samræmi við almenn viðmið og jafnframt hvort að sértæk skilyrði fyrir greiðsluþátttöku séu uppfyllt.

Séu sérfræðingar undanþegnir umsóknarskyldu skulu þeir engu að síður fylgja almennum viðmiðum og aðeins beita umræddri myndgreiningu þegar sértæk skilyrði eru uppfyllt. Sjúkratryggingar áskilja sér rétt til að kalla eftir upplýsingum um myndgreiningu sem framkvæmd er án umsóknar en með greiðsluþátttöku Sjúkratrygginga.

Almenn viðmið

1. Ákvörðun um að framkvæma eða vísa sjúklingi í CBCT rannsókn skal tekin sérstaklega fyrir hvern sjúkling og aðeins að undangenginni klínískri skoðun og viðtali/sjúkrasögu.
2. CBCT rannsókn á ekki að framkvæma nema ætla megja að hún muni bæta við nýjum upplýsingum sem gætu haft áhrif á meðferðaráætlun. Ekki skal framkvæma CBCT rannsókn ef aðrar myndgreiningaraðferðir sem útsetja sjúkling fyrir minni geislun, veita sömu upplýsingar og CBCT rannsókn myndi veita.
3. Tannlæknir skal ekki framkvæma CBCT rannsókn nema hafa fyrirbyggjandi gögn úr sjúkraskrá, aðrar rannsóknarniðurstöður og/eða myndrannsóknir sem rökstyðja ákvörðun um CBCT rannsókn. Sé sjúklingi vísað í CBCT mynd, skulu þessi gögn fylgja tilvísuninni.
4. Við töku CBCT mynda skal notast við eins þröngt FOV og viðfangsefnið leyfir, en þó ekki svo þröngt að skapi hættu á að taka þurfi fleiri en eina mynd til að ná yfir viðfangsefnið.
5. Við grun um illkynja meinsemdir í munni eða kjálka skal vísa sjúklingi beint og tafarlaust til munn- og kjálkaskurðlæknis eða á HNE deild Landspítala, án undanfarandi myndrannsókna.

Sértæk skilyrði fyrir greiðsluþátttöku Sjúkratrygginga

Sjúkratryggingar taka þátt í greiðslu fyrir CBCT myndir hjá sjúkratryggðum samkvæmt gjaldlið 019 í eftirtöldum tilfellum, þar sem hefðbundnar röntgenmyndir veita ekki nægar upplýsingar:

1. Vegna meinsemda eða gruns um meinsemdir (æxli, belgmein, beindrep, beinsýkingu og annað sambærilegt) í kjálkabeini og/eða kjálkakinnholu.

2. Vegna inniklemmdra tanna til þess að meta a) stöðu þeirra í beini, b) afstöðu þeirra við neðri kjálkataug eða kjálkakinnholu, c) rótaranatómíu og/eða d) mögulegan skaða sem þær hafa valdið á aðlægum tönnum og stoðvefjum þeirra.
3. Til undirbúnings fyrir tannflutning (autotransplantation).
4. Til þess að meta beinmagn, beinform og beingæði fyrir tannplantameðferð sem Sjúkratryggingar taka þátt í að greiða, fáist ekki nægar upplýsingar með hefðbundinni klínískri skoðun og röntgenmyndum.
5. Til þess að meta umrótarvef við rótarenda þegar klínískur grunur um rótarendameinsemd fæst ekki staðfestur með hefðbundnum röntgenmyndum.
6. Við greiningu á mótsagnakenndum eða ósértækum klínískum einkennum frá tönnum og andliti.
7. Til þess að fá nákvæmari mynd af anatómíu rótarkerfis fyrir eða við rótfyllingu tanna.
8. Til að meta og greina rótarsprungur þegar niðurstaða klínískrar skoðunar og hefðbundinna röntgenmynda er óljós.
9. Til þess að meta árangur, gæði eða fylgikvilla nýrrar eða eldri rótfyllingarmeðferðar og til þess að meta þörf á og skipuleggja frekari meðferð (endurrótfylling, rótarendaaðgerð eða údráttur)
10. Til að meta periapical vef, gæði fyrri meðferðar og fjölda ganga áður en endurrótfyllingarmeðferð hefst.
11. Til þess að undirbúa skurðaðgerð á rótarenda
12. Til þess að greina rótareyðingar.
13. Til að meta tennur og bein umhverfis tennur sem orðið hafa fyrir áverka.
14. Til þess að meta bein við tannhaldssjúkar tennur.
15. Til þess að meta meðfæddan klofinn góm.
16. Sem liður í undirbúningi fyrir bitleiðréttandi kjálkaaðgerð þegar SÍ taka þátt í að greiða fyrir hana og/eða undirbúnings- og eftirmeðferð vegna hennar.
17. Við mat á beinflötum kjálkaliða, þegar ekki er þörf á mynd af mjúkvefjum.